

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. júní 2023

Mál nr. E-5904/2022:

**A**

(Hildur Guðrún Þorleifsdóttir lögmaður)

**gegn**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

(Heiður Heimisdóttir lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, er dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 30. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri 8. desember 2022, af stefnanda A, [...], á hendur stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 8.131.300 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 11. apríl 2017 til 24. mars 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.725.208 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 11. apríl 2017 til 24. mars 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda líkt og málið væri eigi gjafsóknarmál og þá að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Stefndi krefst til vara að kröfur stefnanda sæti lækkun og málskostnaður falli niður.

### Ágreiningsefni og málsatvik

Tildrög málsins eru þau að stefnandi varð fyrir slysi þann 11. janúar 2017 þegar hann rann í hálfu fyrir utan verslun B. Þann sama dag leitaði stefnandi á [sjúkrahús] og kvartaði undan verkjum í baki, hné og höfði. Þann 13. janúar 2017 leitaði stefnandi til lækni á Heilsugæslunni [...] og lýsti minnstruflunum, dofa og svima eftir slysið. Í kjölfarið leitaði stefnandi síðan reglulega til heimilislækni og sjúkráþjálfara vegna afleiðinga slyssins.

Þegar slysið átti sér stað var stefnandi í erindisrekstri fyrir vinnuveitanda sinn C, en þar starfaði hann sem rafvirki í 100% starfi. Stefnandi lauk sveinsprófi í rafvirkjun 9. febrúar 2015 og hóf störf hjá C 22. september 2015. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins (VER) sem vinnuslys 23. janúar 2017. Þá var slysið tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 16. maí 2017. Ljóst er að á slysdegi hafði B húseigendatryggingu hjá stefnda. Með tölvupósti 16. febrúar 2018 viðurkenndi stefndi ábyrgð úr húseigendatryggingunni vegna framangreinds slyss stefnanda.

Með matsbeiðni 11. nóvember 2019 og 7. janúar 2020 óskuðu aðilar sameiginlega eftir því að D lögmaður og E læknir legðu mat á afleiðingar slyssins fyrir stefnanda. Matsgerð þeirra lá fyrir þann 4. apríl 2020 og var niðurstaða hennar sú að varanlegur miski stefnanda væri 8 stig og varanleg örorka 12%.

Þann 8. apríl 2020 sendi stefnandi stefnda skaðabótakröfu á grunni matsgerðarinnar. Stefnandi taldi ástæðu til að byggja á 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 við útreikning á skaðabótum vegna varanlegrar örorku. Vísaði hann til þess að óvenjulegar aðstæður hefðu verið fyrir hendi á viðmiðunartímabilinu síðustu þrjú árin fyrir slysið sem gæfi ekki rétta mynd af líklegum framtíðartekjum hans og taldi hann því rétt að taka mið af upplýsingum Hagstofu um meðallaun iðnlærðra rafvirkja á árinu 2017 við útreikning varanlegrar örorku. Þá gerði stefnandi einnig kröfu um sjúkrakostnað í framtíðinni.

Þann 14. maí 2020 sendi stefndi stefnanda uppgjörstillögu þar sem stefndi féllst á það launaviðmið sem lagt var fram í kröfu stefnanda. Á hinn bóginn féllst stefndi ekki á kröfu um bætur fyrir sjúkrakostnað í framtíðinni sem stefndi taldi vera án röksemda og ekki studda gögnum. Þá taldi stefndi að ekki hefði komið fram í matsgerðinni að stefnanda væri nauðsynleg sjúkraþjálfun til að viðhalda því ástandi hans er metið var sem varanlegt.

Með tölvupósti 24. júní 2020 féllst lögmaður stefnanda ekki á uppgjörstillögu stefnda og kvaðst myndu óska eftir dómkvaðningu matsmanna í málinu. Í svari stefnda, hinn næsta dag, kvaðst hann óbundinn af bótatilboðinu sem sett var fram 14. maí 2020, m.a. um árslaunaviðmið. Það yrði því tekið upp þegar nýtt mat lægi fyrir, enda kynnu frekari upplýsingar að liggja þá fyrir sem skipt gætu máli við ákvörðun réttis árslaunaviðmiðs.

Með matsbeiðni, 22. október 2020, óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu tveggja matsmanna. Til starfans voru dómkvaddir þeir F taugalæknir og G lögmaður. Matsgerð þeirra lá fyrir þann 15. febrúar 2021 og var niðurstaða hennar sú að varanlegur miski stefnanda væri 8 stig og varanleg örorka hans 15%. Þann 24. febrúar 2021 sendi stefnandi stefnda svo bótakröfu á grunni matsgerðar dómkvaddra matsmanna. Við útreikning á varanlegri örorku var þar miðað við sömu forsendur og í fyrri kröfu, þ.e. upplýsingar Hagstofu um meðallaun iðnlærðra rafvirkja á árinu 2017.

Í svari stefnda 25. mars 2021 féllst hann ekki á kröfu stefnanda en lagði á hinn bóginn fram uppgjörstillögu. Í svarinu sagði að í matsgerð dómkvaddra matsmanna hefðu komið fram nýjar upplýsingar frá vinnuveitanda um starfshlutfall stefnanda á slysárinu og

árunum eftir slysið, en stefnandi hafði unnið við fag sitt hjá sama fyrirtæki allar götur frá árinu 2015. Þar sem fyrir lágu upplýsingar um raunverulegar tekjur stefnanda af rafvirkjastörfum í nokkur ár eftir sveinspróf þótti stefnda rétt að miða við þær. Stefndi var því reiðubúinn til að miða útreikning á varanlegri örorku við tekjur stefnanda árin 2016–2020, uppreiknað miðað við fullt starf, þar sem raunveruleg tekjusaga lá fyrir. Þá féllst stefndi sem fyrr ekki á kröfu um bætur vegna framtíðarkostnaðar við sjúkraþjálfun.

Bótauppgjör fór fram 7. september 2021 þar sem stefndi greiddi stefnanda bætur að fjárhæð 23.523.888 krónur í samræmi við uppgjörstillögu stefnda, þ.e. að útreikningur á varanlegri örorku tæki mið af tekjum stefnanda á tímabilinu 2016–2020, uppreiknuðum miðað við fullt starf. Stefnandi tók við bótunum með fyrirvara, m.a. um árslaunaviðmiðið og sjúkraþjálfunarkostnað, og áskildi sér rétt til frekari kröfugerðar.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir á því að stefnda beri að greiða stefnanda fullar skaðabætur vegna þess tjóns sem hann varð fyrir vegna slyssins 11. janúar 2017. Skaðabótaábyrgð stefnda sé byggð á I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 sem og á meginreglum skaðabótaréttar. Enginn ágreiningur sé um það að slys stefnanda sé bótaskyldt úr húseigendatryggingu B og að stefndi hafi þegar greitt stefnanda hluta af bótum úr tryggingunni. Þá sé heldur ekki ágreiningur um metna örorku. Ágreiningur aðila lúti hér nánar tiltekið að því hvaða árslaun skuli lögð til grundvallar útreikningi bóta vegna 15% varanlegrar örorku, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, sem og vegna kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar.

Stefnandi byggir hér á því að árslaun til grundvallar varanlegrar örorku skuli metin sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þar sem óvenjulegar aðstæður hafi verið til staðar hjá stefnanda á viðmiðunartímabilinu síðustu þrjú ár fyrir slysdag. Því sé annar mælikvarði, en sá sem gert sé ráð fyrir samkvæmt meginreglu 1. mgr. 7. gr. laganna um meðalatvinnutekjur síðustu þriggja almanaksára fyrir slys, réttari hvað varði líklegar framtíðartekjur stefnanda. Heimild þessi til að víkja frá meginreglunni sé byggð á því að sá mælikvarði endurspegli hér ekki líklegar framtíðartekjur tjónþola. Þá sé það í samræmi við meginreglu skaðabótaréttar og meginmarkmið skaðabótalaga um að tryggja tjónþola fullar bætur fyrir raunverulegt tjón sitt. Tvö skilyrði séu sett fyrir heimildinni, annars vegar að aðstæður hafi verið óvenjulegar á viðmiðunartímabilinu og hins vegar að þær aðstæður leiði til þess að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.

Stefnandi byggir á því að óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga hafi verið fyrir hendi hjá honum síðustu þrjú árin fyrir slysið. Á hluta þess tímabils hafi hann verið í námi til öflunar sveinsprófs í rafvirkjun, er hann lauk svo árið 2015, og því verið með lægri tekjur en hann hefði haft ef hann hefði verið í fullu starfi. Þá hafi stefndi þegar viðurkennt að víkja skuli hér frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og að aðstæður stefnanda á viðmiðunartímabilinu hafi verið óvenjulegar og að rétt sé að

meta árslaun sérstaklega á grunni 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Þetta hafi stefndi gert með því að leggja til grundvallar uppgjöri annan mælikvarða en síðustu þrjú ár fyrir slysdag.

Stefnandi byggir á því að við ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku beri að miða við annan mælikvarða en þann sem stefndi hafi lagt til grundvallar uppgjöri sínu, þ.e. síðasta ár fyrir slysdag og síðustu fjögur ár eftir slysdag. Stefnandi telji að sá mælikvarði endurspegli engan veginn líklegar framtíðartekjur hans enda hafði hann nýlega lokið sveinsprófi í iðn sinni. Laun hans á umræddum árum verði að teljast byrjendalaun sem séu líkleg til að hækka með hækkandi starfsaldri og reynslu. Þá hafi laun hans eftir slysið verið lægri en þau hefðu annars verið ef stefnandi hefði ekki lent í slysi þar sem starfsorka hans sé nokkuð skert. Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína hér með eftirfarandi hætti:

Sjúkrakostnaður	205.062 krónur
Varanleg örorka (Árslaun $10.134.030 * 15,8850 * 15\%$ )	24.146.859 krónur
Greiðsla frá stefnda vegna varanlegrar örorku 07.09.2021	-16.220.621 króna
<b>Samtals:</b>	<b>8.131.300 krónur</b>

Þá sundurliðar stefnandi varakröfu sína með eftirfarandi hætti:

Sjúkrakostnaður	205.062 krónur
Varanleg örorka (Árslaun $9.963.600 * 15,8850 * 15\%$ )	23.740.767 krónur
Greiðsla frá stefnda vegna varanlegrar örorku 07.09.2021	-16.220.621 króna
<b>Samtals:</b>	<b>7.725.208 krónur</b>

Stefnandi byggir útreikning á bótum fyrir varanlega örorku í aðalkröfu sinni á upplýsingum frá Hagstofu um laun iðnlærðra rafvirkja á slysárinu 2017. Byggir stefnandi á því að við útreikning á varanlegri örorku sé réttasti mælikvarðinn að miða árslaun hans við meðallaun iðnlærðra rafvirkja, þeirrar starfsstéttar sem hann tilheyrði sannanlega þegar slysið átti sér stað. Á hinn bóginn telji stefndi að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að árslaun stefnanda næðu þeim meðallaunum er iðnlærðir rafvirkjar hafi samkvæmt þessu. Stefnandi mótmæli því þar sem að í dómaframkvæmd Hæstaréttar hafi tíðkast að leggja til grundvallar meðallaun þeirrar stéttar er ungir tjónþolar hafi menntað sig til á slysdagi. Stefnandi hafi aðeins verið [...] ára þá slysið hafi orðið og átt stutta tekjusögu fyrir slysið. Á slysdagi hafi hann lokið starfsréttindanámi til að nýta til að afla sér hærri tekna en hann hafði áður gert. Stefnandi telji að það tekjuviðmið sem stefndi hafi miðað við í uppgjöri gefi engan veginn rétta mynd af mögulegum framtíðartekjum hans sem rafvirkja.

Stefnandi vísi til þess að árslaun iðnlærðra rafvirkja árið 2017 hafi numið 9.276.000 krónum ( $773.000 * 12$ ). Reiknuð fram að stöðugleikapunkti og að viðbættu 9,25% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda nemi fjárhæðin samtals 10.134.030 krónum. Útreikningurinn taki mið af margföldunarstuðli samkvæmt 6. gr. skaðabótalaga.

Stefnandi byggir útreikning á bótum fyrir varanlega örorku í varakröfu á upplýsingum frá Hagstofunni um laun rafvirkja á slysárinu 2017. Byggi stefnandi þá á því að við útreikning á varanlegri örorku sé réttur mælikvarði að miða árslaun hans við meðallaun rafvirkja, þeirrar starfsstéttar sem hann sannanlega hafi tilheyrt þegar slysið hafi átt sér stað. Stefnandi hafi á slysdegi verið með sveinspróf í rafvirkjun, hann hafi unnið sem rafvirki frá námi og starfi enn í dag sem slíkur. Þá hafi stefnandi bætt við sig ýmsum réttindum í tengslum við rafvirkjamenntun sína eftir að hann hafi hlotið sveinsprófið. Að öðru leyti vísi stefnandi hér til rökstuðnings fyrir aðalkröfu sinni að breyttu breytanda.

Í varakröfu sinni vísi stefnandi til þess að árslaun rafvirkja árið 2017 hafi numið 9.120.000 krónum ( $760.000 \cdot 12$ ). Reiknuð fram að stöðugleikapunkti og að viðbættu 9,25% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda nemi fjárhæðin 9.963.600 krónum. Útreikningurinn taki mið af margföldunarstuðli samkvæmt 6. gr. skaðabótalaga.

Í aðal- og varakröfu geri stefnandi og kröfu um bætur fyrir sjúkrakostnað samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Um sé þá að ræða kostnað hans af sjúkraþjálfun eftir slysið. Í matsgerð dómkvaddra matsmanna komi fram að matsmenn telji að næsta árið megi stefnandi gera ráð fyrir því að þurfa sjúkraþjálfun tvisvar í viku að jafnaði. Á yfirliti yfir meðferð sjúkraþjálfara megi sjá að stefnandi hafi ítrekað leitað í sjúkraþjálfun frá slysinu.

Í aðal- og varakröfu sé jafnframt gerð krafa um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga, vegna varanlegrar örorku frá stöðugleikapunkti þann 11. apríl 2017 til 24. mars 2021, þegar mánuður hafi verið liðinn frá því að krafa sem byggði á matsgerð dómkvaddra matsmanna hafi verið send stefnda. Þá sé krafist dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr., laganna, frá þeim degi og til greiðsludags.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi byggir kröfu um sýknu á því að með þegar greiddum bótum sé tjón stefnanda að fullu bætt og hann eigi ekki rétt til frekari bóta. Stefnandi beri sönnunarbyrði um umfang tjóns og hafi ekki sannað að hann hafi orðið fyrir frekara tjóni en bætt hafi verið.

Stefndi hafi fallist á það að meta ætti árslaun stefnanda sérstaklega með vísan til 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. En eftir að matsgerð dómkvaddra matsmanna hafi legið fyrir hafi komið nýjar upplýsingar frá vinnuveitanda stefnanda um starfshlutfall stefnanda á slysárinu og árin eftir slysið. Stefndi hafi talið rétt að miða við meðaltekjur stefnanda sjálfs þar sem tekjusaga hans hafi legið fyrir. Stefndi hafi því ekki getað fallist á að leggja bæri meðaltekjur iðnlærðra rafvirkja eða meðaltekjur rafvirkja á slysárinu 2017 til grundvallar sem árslaunaviðmið við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku stefnanda.

Stefndi vísar til þess að skoða verði í hverju tilviki fyrir sig hvaða mælikvarði sé réttastur til þess að ákvarða framtíðartekjur í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því hvaða árslaun það séu sem teljist vera réttasti mælikvarðinn á líklegar framtíðartekjur hans, þegar viðmið við síðustu þrjú tekjuár fyrir slys

þyki ekki réttmæt. Þá verði ekki ráðið af dómaframkvæmd að byggja skuli á meðallaunaviðmiðun þegar marktæk tekjusaga sé fyrir hendi, enda væri slíkt ekki í samræmi við markmið skaðabótalaga um að tjónþoli fái eingöngu bætt raunverulegt tjón sitt.

Stefndi hafi fallist á að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi hjá stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys þar sem hann var ekki í fullu starfi og lauk sveinsprófi árið 2015. Á hinn bóginn sé því mótmælt sem ósönnuðu að annað hvort meðallaun iðnlærðra rafvirkja eða meðallaun rafvirkja á árinu 2017 gefi réttari mynd af framtíðartekjum hans. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hefði til framtíðar geta vænst tekna í samræmi við framangreinda mælikvarða þegar litið sé til raunverulegra tekna hans af störfum.

Stefndi byggir á því að réttara sé að miða við raunveruleg laun stefnanda sjálfs þar sem marktæk tekjusaga hans liggja fyrir. Stefnandi hafi lokið sveinsprófi í rafvirkjun 9. febrúar 2015 eða tæpum tveimur árum fyrir slysið og hafi hann starfað óslitið við fagið síðan. Hann hafi starfað allt árið 2016 sem fullmenntaður rafvirki hjá sama fyrirtæki og hann starfi hjá nú í dag. Stefnandi hafi að eigin sögn verið í fullri vinnu og með yfirvinnu. Uppreiknaðar tekjur hans það ár nemi aðeins 56% af meðallaunum iðnlærðra rafvirkja er aðalkrafa stefnanda byggi á. Þar sem fyrir liggja upplýsingar um raunverulegar tekjur stefnanda af rafvirkjastörfum í nokkur ár eftir sveinspróf þyki rétt að miða við þær en þó þannig að árstekjur hvers ár, þ.e. áráanna 2016–2020, séu hækkaðar upp eins og stefnandi væri í fullu starfi til að mæta skerðingu vegna afleiðinga slyssins og færðar til verðmætis á stöðugleikapunkti að viðbættu móttframlagi. Sé því mótmælt sem ósönnuðu að árslaun ákveðin í samræmi við framangreint endurspeglir engan veginn líklegar framtíðartekjur.

Stefnandi hafi verið [...] ára á slysdegi og ljóst að hann hafi verið búinn að marka sér vissan starfsvettvang þá hann lenti í slysinu. Hann hafi farið í rafvirkjun í [skóla] og lokið þar sveinsprófi í iðninni árið 2015. Hann hafi unnið við rafvirkjun frá árinu 2014 og frá því í september 2015 hjá fyrirtækinu sem hann vinni hjá enn í dag. Þá liggja ekki fyrir gögn um að stefnandi hafi stefnt á frekara nám í rafvirkjun eftir að hann hafi lokið sveinsprófi. Laun stefnanda á árunum 2016–2020 geti því vart talist byrjendalaun og ekki verði séð að laun hans árin á eftir hafi hækkað í þeim mæli að slík ályktun verði dregin. Af þeirri ástæðu geri aldursstuðull skaðabótalaga ráð fyrir hækkanði tekjum á fyrri hluta starfsævi, þ.e. frá 18–29 ára aldurs. Ef laun væru ákvörðuð samkvæmt meðallaunatölum hjá þessum einstaklingum væri vegna álagsins verið að áætla tjónþolum á þessum aldri allt að 30% hærri launviðmiðun til framtíðar en meðallaun stéttarinnar. Megi því fullyrða að slíkt myndi leiða til þess að tjón væri ofbætt.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um bætur vegna sjúkrakostnaðar. Þegar tekið hafi verið tillit til almennrar greiðsluþátttöku SÍ vegna sjúkraþjálfunarkostnaðar öryrkja og núverandi reglna um hámarksþátttöku sjúkratryggðra á mánuði yrði heildarkostnaður stefnanda á þremur árum um 100.000 krónur, sé tekið mið af magni þeirrar þjálfunar sem matsmenn áætla. Þá hafi ekki verið tekið tillit til eingreiðsluhagræðis. Þá sé bent á að um

vinnuslys hafi verið að ræða og í þeim tilvikum eigi endurgreiðsla sjúkrakostnaðar, m.a. vegna sjúkraþjálfunar, að greiðast af SÍ. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi sjálfur þurft að bera hluta þess kostnaðar þegar upp er staðið eða þá í hvaða mæli.

Stefndi telji það vera bæði sanngjarnt og eðlilegt, með hliðsjón af framangreindu, að ákvarða beri árslaun til útreiknings á bótum vegna varanlegrar örorku miðað við tekjur stefnanda sjálfs fyrir slysið. Réttasti mælikvarðinn fyrir framtíðartekjur stefnanda sé fundinn með því að miða við meðaltekjur hans sjálfs á tímabilinu 2016–2020, þá miðað við fullt starf, en að viðbættu mótframlagi, og reiknað til verðlags á stöðugleikapunkti.

Stefndi byggi varakröfu um lækkun á dómkröfum stefnanda einkum á því að bætur vegna varanlegrar örorku stefnanda skuli fremur taka mið af miðgildi launa rafvirkja árið 2017. Meðallaun rafvirkja árið 2017 séu hærri en miðgildið, sem þýði að meirihlutinn fái lægri laun en meðallaun. Launatekjur stefnanda af rafvirkjastörfum hafi aldrei náð fjárhæð meðallauna rafvirkja á árinu 2017, en að teknu tilliti til áhrifa slyssins hafi laun hans á árunum 2016–2020 verið aðeins 67,8% af framangreindum meðallaunum. Ljóst sé að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hefði til framtíðar geta vænst tekna í samræmi við meðallaun rafvirkja þegar lítið sé til raunverulegra tekna hans af störfum. Meðallaun séu í eðli sínu þannig að sumir séu undir meðaltali en aðrir yfir. Miðgildi sé betra en meðaltal til að sýna fram á hverjar séu dæmigerðar tekjur innan úrtaks. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að meðaltal sé réttari mælikvarði við mat á framtíðartekjum en hér framangreind viðmiðun. En annars vísi stefndi hér til sömu röksemda og í aðalkröfu.

Stefndi byggi lækkunarkröfu sína til þrautavara á því að leggja beri meðaltal launa rafvirkja á slysárinu 2017 til grundvallar útreikningi á varanlegri örorku. Fellst stefndi því á útreikning á varakröfu stefnanda að frátalinni kröfu um bætur fyrir sjúkrakostnað.

Stefndi mótmælir vöxtum eldri en fjögurra ára á stefnubirtingardegi sem fyrndum með vísan til 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Stefnandi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda í aðal- og varakröfu og vísar til þess að ef fallist verði á kröfur stefnanda verði dráttarvextir ekki dæmdir frá fyrra tímamarki en dómsuppsögudegi, sbr. 2. málslíð 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

#### *Niðurstaða*

Líkt og að framan greinir hefur stefndi viðurkennt bótaskyldu úr húseigenda-tryggingu B hjá stefnda vegna framangreinds slyss stefnanda þann 11. janúar 2017. Þá liggur fyrir visst uppgjör málsaðila á skaðabótum er stefnandi telur þó ekki fullnaðaruppgjör og er enn deilt um rétt árslaunaviðmið í tengslum við metna örorku stefnanda og kostnað vegna nauðsynlegrar sjúkraþjálfunar er hann telur sig ella þurfa að bera. Eru málsaðilar sammála um að skaðabætur þær sem stefnda beri að greiða stefnanda skuli taka mið af matsgerð dómkvaddra matsmanna, F taugalæknis og G lögmanns, þar sem fram kemur að miski stefnanda sé 8 stig og varanleg örorka hans 15%. Jafnframt eru

aðilar sammála um að árslaun stefnanda til ákvörðunar bóta fyrir varanlega örorku skuli metin samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 þar sem óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda en sá er kveðið er á um í 1. mgr. ákvæðisins.

Ágreiningur aðila í málinu lýtur þá í fyrsta lagi að því hvaða mælikvarði teljist vera réttur hvað varðar líklegar framtíðartekjur stefnanda í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Í öðru lagi deila aðilar um rétt stefnanda til skaðabóta vegna sjúkrakostnaðar, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993. Þá er deilt um rétt stefnanda til vaxta og dráttarvaxta.

Hvað varðar þá í fyrsta lagi það árslaunaviðmið samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 er leggja beri hér til grundvallar við uppgjör á varanlegri örorku stefnanda hefur stefnandi byggt á því í aðalkröfu að réttast sé að miða við meðallaun iðnlærðra rafvirkja árið 2017, en í varakröfu hans er miðað við meðallaun rafvirkja árið 2017. Stefndi telur þar hins vegar réttast að miða við síðasta ár fyrir slysdag og síðustu fjögur ár eftir slysdag, þ.e. árin 2016–2020, og krefst hann því sýknu þar sem uppgjör aðila hefur nú þegar farið fram í samræmi við þann mælikvarða. Til vara krefst stefndi þess að miða eigi við miðgildi launa rafvirkja árið 2017 en til þrautavara við meðallaun rafvirkja árið 2017.

Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 segir að árslaun til ákvörðunar bóta vegna varanlegrar örorku skuli metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. En í þeirri lagareglu felst undantekning frá meginreglu sem vísað er til í 1., sbr. og 3., mgr. lagagreinarinnar, að uppfylltum skilyrðum er óumdeilt er að eru hér fyrir hendi en á stefnanda hvílir sönnunarbyrði um hvaða árslaun það eru sem þá teljast réttari mælikvarði á framtíðartekjur hans.

Stefnandi lauk sveinsprófi í rafvirkjun 9. febrúar 2015 og hóf störf hjá C 22. september 2015 þar sem hann starfar enn. Starfshlutfall stefnanda hjá vinnuveitanda sínum var 100% frá því að hann hóf störf þar og allt þar til hann lenti í slysi því er mál þetta varðar þann 11. janúar 2017. Í kjölfar slyssins hafi starfshlutfall stefnanda orðið lægra m.t.t. aðstæðna hans, árið 2017 verið 64%, árið 2018 79% og árið 2019 74%.

Eftir atvikum þessa máls þykir hér vera réttast að miða árslaun til ákvörðunar bóta fyrir varanlega örorku stefnanda við þær tekjur sem hann raunverulega hafi aflað sér sem rafvirki í 100% starfshlutfalli árið 2016 og þá síðan í hlutastarfi árin 2017, 2018 og 2019, uppreiknuðum eins og hann væri í fullu starfi. Mat á árslaunum samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 er einstaklingsbundið mat sem tekur mið af ætluðum framtíðartekjum stefnanda og þykir dóminum þá réttast að miða við raunverulega og marktæka tekjusögu hans. Verður fallist á með stefnda að það sé réttasti mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 16. desember 2004 í máli nr. 264/2004. Beri því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um frekari bætur vegna varanlegrar örorku.

Stefnandi fer einnig fram á bætur fyrir sjúkrakostnað samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993 vegna kostnaðar af sjúkraþjálfun eftir slysið. Stefndi mótmælir þeirri kröfu.

Í gögnum málsins er yfirlit yfir meðferð stefnanda hjá sjúkraþjálfara. Þar kemur fram að stefnandi hafi sótt sjúkraþjálfun reglulega frá 18. júní 2018 til 17. október 2022. Heildarverð meðferða hafi verið 1.957.806 krónur, þar af sé hlutur SÍ 1.752.744 krónur og hlutur stefnanda 205.062 krónur. Fjárhæð hlutar stefnanda samsvarar hér þeim bótum er stefnandi fer fram á vegna útlagðs sjúkrakostnaðar, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993.

Í matsgerð dómkvaddra matsmanna frá 15. febrúar 2021 kemur fram að stefnandi hafi frá slysdegi verið nokkuð reglulega í sjúkraþjálfun og að undanfögnu fengið meðferð tvisvar til þrisvar í viku. Matsmenn telji að næsta ár megi gera ráð fyrir að stefnandi muni þurfa sjúkraþjálfun með sama hætti, þ.e. tvisvar í viku að jafnaði, en að því loknu muni hann fá sjúkraþjálfun með lengra millibili og gera ráð fyrir sjúkraþjálfun einu sinni í viku ár þar á eftir. Þá gera matsmenn ráð fyrir að sjúkraþjálfun verði eftir það með lengra millibili og gera ráð fyrir að slíkri þjálfun verði svo lokið að þremur árum liðnum.

Það var mat dómkvaddra matsmanna að stefnandi þyrfti reglulega sjúkraþjálfun til febrúar 2024. Stefndi hefur ekki hnekkt því mati. Er það því mat dómsins að stefnda beri að greiða stefnanda bætur samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993 fyrir sjúkrakostnað stefnanda vegna útlagðs kostnaðar hans af sjúkraþjálfun að fjárhæð 205.062 krónur. En ekki hefur verið sýnt fram á að stefnandi geti fengið kostnaðinn bættan með öðrum hætti.

Stefnandi fer fram á 4,5% vexti af stefnufjárhæð samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993 frá 11. apríl 2017 til 24. mars 2021. Stefndi mótmælir kröfum um vexti eldri en fjögurra ára frá og með stefnubirtingardegi sem fyrndum með vísan til 3. gr. laga nr. 150/2007. Að mati dómsins ber að fallast á það með stefnda að vextir eldri en fjögurra ára við höfðun málsins þann 8. desember 2022 séu fyrndir samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 og verður því hér aðeins fallist á ófyrnda vexti af tildæmdum fjárhæðum m.t.t. þessa.

Stefnandi fer þá fram á dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá 24. mars 2021 til greiðsludags. Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um dráttarvexti, en verði fallist á þá verði þeir ekki dæmdir frá fyrra tímamarki en frá dómsupp-sögudegi, sbr. 2. málslíð 9. gr. laga nr. 38/2001. Að mati dómsins er krafa stefnanda um dráttarvexti og viðmið þar um í samræmi við lög og verður því fallist á þá.

Samkvæmt öllu hér framangreindu verður stefndi hér dæmdur til þess að greiða stefnanda 205.062 krónur, ásamt með vöxtum og dráttarvöxtum sem greinir í dómsorði.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu, sbr. gjafsóknarleyfi, útgefið 27. júní 2022. Skal allur þar tilgreindur gjafsóknarkostnaður stefnanda því greiðast úr ríkissjóði, en þar með talin er málflutningsþóknun lögmanns hans, Hildar Guðrúnar Þorleifsdóttur, sem telst vera hæfilega ákveðin 1.350.000 krónur, og er það þá að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Með hliðsjón af úrslitum málsins þykir rétt að málskostnaður milli málsaðila falli niður.

Mál þetta fluttu lögmenirnir Hildur Guðrún Þorleifsdóttir fyrir stefnanda en Heiður Heimisdóttir fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 205.062 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 8. desember 2018 til 24. mars 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður milli málsaðila fellur niður, en allur gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Hildar Guðrúnar Þorleifsdóttur, sem ákvarðast alls 1.350.000 krónur.

Pétur Dam Leifsson

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavíkur, dags. 20. júní 2023.